



## Mikilvæg skilaboð til nýrra starfsmanna

### *Varðandi launamál*

#### PERSÓNUAFSLÁTTUR

Til að virkja persónuafslátt þarf að senda tölvupóst á [laun@isafjordur.is](mailto:laun@isafjordur.is)

Í tölvupóstinum þarf að koma fram nafn, kennitala og hvort fullnýta eigi skattkortið hjá Ísafjarðarbæ eða að hluta (%). Ennfremur þurfa að koma fram upplýsingar um hvernig búið er að nýta kortið á árinu.

Hægt er að nálgast upplýsingar um nýtingu persónuafsláttar á árinu inn á [skattur.is](http://skattur.is). Best er að sækja þessar upplýsingar eftir 15. hvers mánaðar en þá á að vera búið að skila inn staðgreiðsluskilagrein síðasta mánaðar.

Hægt er að innskrá sig inn á [skattur.is](http://skattur.is) með rafrænum skilríkjum eða veflykli ríkisskattstjóra

Eftir innskráningu: Neðarlega á síðunni eru upplýsingar um persónuafslátt undir „Yfirlit til launagreiðanda“ en þar má sjá upphæð persónuafsláttar sem búið er að nýta á yfirstandandi ári. Einfaldast er að senda pdf skjal (hnappur „Sækja pdf skjal“ á síðunni til að mynda pdf skjal) eða taka skjáskot af textanum á síðunni og láta fylgja með í tölvupósti til launadeildar.

#### LAUNASEÐILL

Launaseðlar starfsmanna eru sendir í heimabanka og hægt að finna þá þar undir „rafræn skjöl“.

#### ANNAÐ SEM GETUR SKIPT MÁLI

**Starfsvottorð** frá öðrum vinnuveitendum geta haft áhrif á álag á laun starfsmanns til hækkunar (símenntunarálag) og eins veikindarétt (vinna hjá sveitafélögum eða ríki). Það er því mikilvægt að skila öllu inn til launadeildar sem getur skipt máli.

**Stúdentspróf** eða annað sambærilegt próf sem nýtist í starfi gefur 2% - 4% álag á laun starfsmanna ef ekki er gerð krafa um prófið í starfaskilgreiningu.

**Stutt námskeið** sem eru mæld í tímafjölda (klukkustundir eða kennslustundir) geta verið metin að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

**Háskólapróf og aðrar stuttar námslínur á háskólastigi** geta líka haft áhrif á laun ef námið nýtist í starfi.

Skila þarf prófskírteini til launadeildar til að fá nám eða námskeið metið. Hækkunin tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að skírteini er skilað.

Ef starfsmenn eru með samning um **séreignasparnað** þarf að koma samningi til launadeildar. Bankar og lífeyrissjóðir senda afrit til launadeildar Ísafjarðarbæjar ef starfsmenn óska eftir því.

#### LAUNAGREIÐSLUR

Mánaðarlaun fylgja hverjum mánuði fyrir sig.

Yfirvinnutímabil er frá 16. hvers mánaðar til 15. næsta mánaðar á eftir.